eigandi, eptir því sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá, hafði þegar um nokkurn tíma fengið launaviðbót þá eptir kornverði, sem hann sótti um, áður en hann bar upp umkvörtun þessa, en eptir efni úrskurðar þess, er stjórnarráðið kvað upp um þetta atriði, var ekki ástæða til að láta beinlínis birta honum úrskurðinn; á sama hátt virðist og hin fyrst talda umkvörtunin nú verða að vera burt fallin, eptir að búið er að skipta niður störfum þeim, er Steenberg hafði á hendi, og launanum og hlunnindunum, er þeim voru samfara, á þann hátt, sem gjör er frá skýrt í álitsskjali yðar, en þá ráðstöfun, er þèr þannig hafið gjört, samþykkir stjórnarráðið vegna þess, að hún aðeins er bráðabirgðarráðstöfun. Loksins er það að segja viðvíkjandi ósk beiðendanna um að fá árlega viðbót við laun sín, að eigi má við því búast, að slík viðbót verði veitt úr ríkissjóðnum, og ef því nauðsyn þykir til bera að hækka launin, einkum laun tveggja elztu lögregluþjónanna, þá er ekki annað fyrir, eins og þèr hafið á vikið, en að snúa sèr í því efni til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, og verður stjórnarráðið að fela yður, herra stiptamtmaður, að gjöra það, sem þörf er á í því tilliti. 1863. 13. júlím.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum. 13. júlím.

Eptir að stjórnarráðið hefir meðtekið brèf yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m., um það, hvort Gísli bóndi Jónsson á Saurum, — sem með hæstarèttardómi 23. júnímán. 1859 var dæmdur til að þola 15 vandarhagga refsing, en þeirri hegning var með konungsúrskurði 26. júlímán. 1861 breytt í þrisvar sinnum 5 daga vatns og brauðs fangelsi, og hafði hann í haust eð var byrjað að þola hegning þessa, — nú sè fær til að þola það, sem eptir er af hegningunni, skal nú skorað á yður að hlutast til um, að Gísli Jónsson tafarlaust verði látinn afplána það af hegningunni, sem hann átti eptir, svo framarlega sem heilsufar hans ekki er því til tálmunar.